



**„ Veit sjúklingurinn minn
að tölvusneiðmynd fylgir
áhætta? “**

Tölvusneiðmynd er sú myndgreiningartækni sem hefur í för með sér hvað mest geislaálag

Sjúklingurinn er ekki alltaf meðvitaður um þá áhættu sem fylgir tölvusneiðmynd. Tölvusneiðmynd er afar mikilvæg aðferð til þess að leita að sjúkdómum og áverkum, en henni getur þó fylgt meira geislaálag en öðrum aðferðum. Til dæmis samvarar tölvusneiðmynd af kviðholi eða lendhrygg u.þ.b. þremur árum af náttúrulegri bakgrunnsgeislun, þ.e. um 7,5 mSv geislaálagi. Ef ávinningur af myndatöku vegur minna en áhætta vegna geislunar þá er notkun geislunar ekki réttlætanleg. Það er sérstaklega mikilvægt að hugleiða þetta þegar um er að ræða þungaðar konur og börn.

Ræddu þetta við sjúklinginn þinn

Rétt notkun tölvusneiðmynda er best fyrir sjúklinginn



Tölvusneiðmynd á við ef

- önnur tækni gefur ekki nægar upplýsingar til greiningar og meðferðar
- hröð greining skiptir sköpum fyrir sjúkling, t.d. í neyðartilfellum



Viðeigandi notkun myndgreiningar bætir heilbrigðisþjónustu fyrir alla, bætir aðgengi og minnkar kostnað

Áður en óskað er eftir tölvusneiðmynd

Tölvusneiðmynd gefur miklar upplýsingar á skömmum tíma. Með henni fást sneiðmyndir sem gera mögulegt að skoða þrívíddarmyndir af líffærum. Tölvusneiðmynd gefur meiri upplýsingar en röntgenmynd, en henni fylgir líka meira geislaálag. Það ætti því alltaf að hugleiða hvort tölvusneiðmynd sé nauðsynleg eða hvort röntgenmynd sé líkleg til að gefa nægar upplýsingar til greiningar. Einnig ætti alltaf að hugleiða hvort ómun eða segulómun komi til greina. Val á tækni er háð líkamshluta, hve miklar upplýsingar eru nauðsynlegar, hve mikið liggur á og aðgengi að búnaði.

Áhættan fyrir börn er meiri en fyrir fullorðna

Börn eru viðkvæmari fyrir jónandi geislun en fullorðnir. Því er enn mikilvægara að huga að því að rannsóknum fylgi ekki meiri geislun en nauðsynlegt er. Tryggja þarf að rétt rannsókn sé valin og að hún sé gerð með aðferð sem er sérsniðin að stærð barns. Finna má gagnlegar upplýsingar um áhættu í bæklingnum

What Parents should know about Medical Radiation Safety frá Image Gently (www.imagegently.org).

Ræddu þetta við sjúklinginn þinn